

Frumkvöðlahugsun Edelmans

Grein eftir Richard Edelman á vefsvæði Edelmans:

http://www.edelman.com/about_us/welcome/

Edelman er eina sjálfstæða alþjóðlega almannatengslafyrirtækið í heiminum. Við þjónum viðskiptavinum, ekki kauphöllum. Enginn á okkur þannig að við getum tjáð okkur að vild. Sjálfstætt. Við getum hlustað, spurt og metið með opnum huga óheft af hefðbundinni þekkingu – og síðan tekið okkar sjálfstæðu ákvarðanir.

Þetta er það sem markar sérstöðu Edelmans.

Í rúma hálfu öld höfum við verið leiðandi og skapandi í hugsun. Við vorum fyrst til þess að nota almannatengsl við sköpun vörumerkja á neytendamarkaði. Þá vorum við m.a. fyrst til að nota ókeypis símalínu fyrir neytendur og fyrst til þess að nota Netið við krísustjórnun.

Og þetta er aðeins byrjunin. Nú um stundir erum við í sérstöku verkefni: að gera veg almannatengsla sem mestan í hinni miklu umbyltingu í fjölmiðlun í heiminum sem gerjast um þessar mundir sem aldrei fyrr. Og það getum við vegna þess að aðeins almannatengslin hafa nánd og gagnsæi til þess að skapa áreiðanleika og traust.

Ég tel að við séum á tímabili persónugervingar almennings (e. *mass personalization*). Almennitur gerir ráð fyrir að hann taki æ meiri þátt í ákvarðanatöku um upphaldsvörumerki sín og fyrirtæki, hann vill fréttir og upplýsingar þegar honum hentar á því formi sem kemur honum best. Þá verður almennitur æ vantrúaðri og tortryggjari í garð valdhafanna. Almennitur velur hverju og hverjum hann trúir og með aðgang að upplýsingum sem er án fordæmis í sögunni býr hann til sína eigin möppu með þeim sem hann treystir. Starfsfólk í öllum þrepum verður æ virkara og krefst gagnsærra samskipta við vinnuveitendur sína. Við teljum að hin hefðbundnu samskipti frá efstu þrepum fyrirtækja og niður til almennings, þar sem meira en níutíu prósentum af fé til auglýsinga er varið, skili ekki lengur tilætluðum árangri.

Við byggjum upp tengsl fyrir viðskiptavinum okkar við haghafa með samræðum, áreiðanlegum upplýsingum og reynslu. Við komum á tengslum við frjáls félagasamtök (e. *Non-Governmental Organizations – NGOs*) því þau hafa innan sinna vébanda áhugasamt fólk sem er gagnlegt í hverju máli. Við fáum til starfa fyrir okkur áreiðanlegustu álitsgjafana – venjulegt fólk, vini þeirra og fjölskyldur, hinn almenna launþega sem og viðurkennda sérfræðinga – til þess að byggja upp vörumerki frá grunni. Við komum á tengslum við þá sem eru gjarnan sjálfskipaðir álitsgjafar í netheimum – bloggara og þá sem skrifa á umræðuvefjunum – og fjalla um áhugamál sín af ástríðu. Við mælum dýpt áhrifa og styrk tengsla við haghafa, ekki aðeins tíðni skilaboða og svörun.

Á [edelman.com](http://www.edelman.com) bjóðum við þér að fræðast nánar um það sem við köllum Frumkvöðlahugsun Edelmans (e. „*Edelman's Pioneer Thinking*“).

Lykilupplýsingar um Edelman

- 2.400 starfsmenn á 46 starfsstöðvum víða um heim
- 305 milljónir Bandaríkjadala í gjöld fjárhagsárið 2006
- Viðurkenning *PRWeek US* sem fyrirtæki ársins 2006 í hópi stórra almannatengslafyrirtækja
- Valið „Besta almannatengslafyrirtækið 2005“ af *Advertising Age*
- Valið „Ráðgjafafyrirtæki Evrópu árið 2005“ af *Holmes Report*
- Í öðru sæti í vali *PRWeek Asia* yfir almannatengslaskrifstofur í Asíu árið 2005